



Skilaboð til ferðamanna sem koma inn til Evrópu frá Kína

Nokkur ESB/EES-ríki hafa gripið til aðgerða á landamærum eins og kröfu um neikvætt COVID-19 próf og framkvæmd slembiprófana á komufarþegum. Allir ferðamenn til ESB/EES (Schengen) svæðis eru minntir á að fara vandlega yfir aðgerðir sem tengjast COVID-19 á áfangastöðum.

- Mælt er með því við alla farþega í flugi til og frá Kína að nota veiruhelda andlitsgrímu (FFP2/N95/KN95).
- Ferðamenn sem koma frá eða eru á leið til Kína, svo og áhafnir og flugvallastarfsmenn skulu minntir á persónulegar sóttvarnir.
- Fyrir ferðamenn frá Kína sem koma til Evrópu er hvatt til framvísunar neikvæðs COVID-19 prófs teknu ekki meira en 48 klukkustundum fyrir brottför frá Kína.

Aðildarríki eru einnig hvött til að bæta þessum ráðstöfunum við:

- Slembiprófanir á farþegum sem koma frá Kína við komuna til aðildarríkja, eftir því sem við á, og raðgreina jákvæðar niðurstöður.
- Prófun og raðgreining sýna frá skólpi flugvéla sem koma frá Kína og flugvöllum þar sem koma vélar frá Kína.
- Aðildarríki hvetji áfram til bólusetningar, þar með talið örvunarskammta, sérstaklega meðal viðkvæmra hópa.
- Ferðamönnum sé bent á að í sumum ESB/EES löndum er mikið álag á heilbrigðiskerfið eins og er vegna ýmissa öndunarfærasýkinga og það getur haft áhrif á þjónustu bæði fyrir íbúa og ferðamenn í þeim ríkjum.
- Viðkvæmir farþegar ættu áfram að nota andlitsgrímu óháð reglum, helst veiruhelda grímu af gerðinni FFP2/N95/KN95 sem veita meiri vernd en venjuleg skurðstofugríma. Sérstaklega er mælt með því að fólk með einkenni frá öndunarfærum (hósta eða hnerra) noti veiruhelda grímu, óháð kröfum í því tiltekna flugi.
- Vegna [mikillar dreifingar öndunarfæra í ESB/EES-ríkjum](#), þar á meðal RSV, SARS-CoV-2 og inflúensu, ætti að hvetja alla ferðamenn sem koma til Evrópu, og alla borgara almennt, til að halda sig til hlés þegar þeir eru veikir, sinna persónulegum sóttvörnum, þar með talið handhreinsun og notkun andlitsgríma, sérstaklega viðkvæmir einstaklingar, til að draga úr útbreiðslu á og útsetningu fyrir öndunarfæraveirum.

Sjá [tilmæli leiðtogaáðs Evrópusambandsins](#) frá 4. janúar sl.